

AÐALFUNDUR ÖSSURAR HF.

VERÐUR HALDINN FÖSTUDAGINN 4. MARS 2011 KL. 9:00 Í HÖFUÐSTÖÐVUM FÉLAGSINS AÐ GRJÓTHÁLSI 5, REYKJAVÍK

A. DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
2. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2010.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið starfsár.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda.
7. Skýrsla stjórnar um kjör stjórnar og æðstu stjórnenda, áætlaðan kostnað vegna kaupréttarsamninga og framkvæmd starfskjarastefnu.
8. Tillaga um samþykkt nýrrar starfskjarastefnu.
9. Tillaga um heimild til stjórnar að kaupa eigin hluti í félaginu.
10. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins. Meginefni þessara tillagna:
 - a. 2. mgr. greinar 2.01 – Endurnýjun á núgildandi heimild stjórnar til að auka hlutafé félagsins, sem framvegis má aðeins nýta í tengslum við fyrirtækjakaup.
 - b. 3. mgr. greinar 2.01 – Felld út heimild stjórnar til að auka hlutafé í félaginu. Heimildin rennur út 23. febrúar 2011.
 - c. 3. mgr. greinar 4.01 – Umboð gildi aldrei lengur en 1 ár frá dagsetningu þess.
 - d. 4. mgr. greinar 4.03 – Hluthafar sem ráða yfir minnst 1/20 hlutafjárins geti krafist hluthafafundar.
 - e. 1. mgr. greinar 4.07 – Endanleg dagskrá og allar aðaltillögur, sem koma eiga til atkvæða, skuli birtar eigi skemur en tveimur vikum fyrir aðalfund.
11. Tillaga um að samþykkja ákvörðun stjórnar að óska þess að hlutabréf félagsins verði tekin úr viðskiptum í kauphöll NASDAQ OMX á Íslandi.
12. Önnur mál sem borin hafa verið löglega fram eða aðalfundur hefur samþykkt að taka til meðferðar.

B. TILLÖGUR

2. *Tillaga um ráðstöfun hagnaðar félagsins.*

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður félagsins á árinu 2010 verði fluttur til næsta árs.

3. *Tillaga um staðfestingu ársreiknings félagsins.*

Stjórn félagsins leggur til að ársreikningur félagsins fyrir árið 2010 verði samþykktur.

4. *Tillaga um þóknun til stjórnar fyrir liðið starfsár.*

Stjórn félagsins leggur til að stjórnarlaun fyrir liðið starfsár verði óbreytt frá síðasta ári:

Stjórnarformaður	USD 75.000
Varaformaður stjórnar	USD 45.000
Meðstjórnendur	USD 30.000

5. *Tilnefning frambjóðenda til stjórnar.*

Stjórn félagsins leggur til að stærð hennar verði óbreytt og að allir núverandi stjórnarmenn verði endurkjörnir, þ.e. Niels Jacobsen, Þórður Magnússon, Arne Boye Nielsen, Kristján Tómas Ragnarsson og Svafa Grönfeldt.

Uppfærðar upplýsingar um alla frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en 2 dögum fyrir aðalfundinn, sbr. 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

6. *Tilnefning endurskoðanda.*

Stjórn félagsins (sem jafnframt sinnir störfum endurskoðunarnefndar) leggur til að Deloitte hf. verði endurkjörið sem endurskoðandi félagsins til næsta árs.

8. *Tillaga um samþykkt nýrrar starfskjarastefnu félagsins.*

Stjórn félagsins leggur til að ný starfskjarastefna verði samþykkt.

9. *Tillaga um heimild til stjórnar að kaupa eigin hluti í félaginu.*

Stjórn félagsins leggur til að eftirfarandi tillaga um kaup á eigin hlutum verði samþykkt:

“Stjórn félagsins hefur heimild, fram að næsta aðalfundi, til að veita félaginu leyfi til að kaupa eigin hluti, allt að 10% af hlutafé félagsins. Verðið skal vera síðasta skráða dagslokagengi á NASDAQ OMX áður en samningur er gerður. Heimildin er veitt í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995.”

10. *Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.*

Stjórn félagsins leggur til að aðalfundur samþykki þær breytingar á samþykktum félagsins sem settar eru fram í liðum a – e hér fyrir neðan.

a. *Tillaga um endurnýjun og breytingu á 2. mgr. greinar 2.01.*

Lagt er til að ákvæðið hljóði svo:

„Í tengslum við fyrirtækjakaup er stjórn félagsins heimilt að auka hlutafé félagsins í áföngum á fimm árum um allt að kr. 178.858.310 – eitthundruðsjötíuogáttamilljóniráttahundruðfimmtíu- og áttapúsundþrjúhundruðogtíukrónur - að nafnverði, þannig:

A) um allt að kr. 9.608.310 – níumilljónirsexhundruðogáttapúsund- þrjúhundruðogtíukrónur – að nafnverði, er verði seldar með forgangsrétti hluthafa eftir samþykktum félagsins og V. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Stjórn félagsins ákveður útboðsgengi þessara hluta og sölureglur hverju sinni, fresti til áskriftar og fresti til greiðslu þeirra.

B) um allt að kr. 169.250.000 – eitthundraðsextíuogníumilljónirtvö hundruðogfimmtíu- þúsundkrónur – að nafnverði, með sölu nýrra hluta án þess að forgangsréttarákvæði 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög eigi við. Stjórn félagsins ákveður útboðsgengi þessara hluta og sölureglur hverju sinni, fresti til áskriftar og fresti til greiðslu þeirra. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti með öðru en reiðufé.“

b. *Tillaga um niðurfellingu 3. mgr. greinar 2.01.*

Lagt er til að ákvæðið sé felld út.

c. *Tillaga um breytingu á 3. mgr. greinar 4.01.*

Lagt er til að ákvæðið hljóði svo:

„Umboð gildir aldrei lengur en 1 ár frá dagsetningu þess. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar hvort heldur sem fyrr er.“

d. *Tillaga um breytingu á 4. mgr. greinar 4.03.*

Lagt er til að ákvæðið hljóði svo:

„Stjórn félagsins skal kveða til hluthafafunda þegar hún telur þess þörf, svo og samkvæmt fundarályktun eða þegar kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/20 hlutafjárins, krefjast þess og greina frá fundarefni.“

e. *Tillaga um breytingu á 1. mgr. greinar 4.07.*

Lagt er til að ákvæðið hljóði svo:

„Endanleg dagskrá og allar aðaltillögur, sem koma eiga til atkvæða á fundum félagsins, skulu birtar á vefsíðu félagsins og liggja frammi á skrifstofu þess hluthöfum til sýnis eigi skemur en viku fyrir hluthafafund (tveimur vikum fyrir aðalfund).“

11. *Tillaga um að samþykkt verði ákvörðun stjórnar um óska þess að hlutabréf félagsins verði tekin úr viðskiptum í kauphöll NASDAQ OMX á Íslandi.*

Allir stjórnarmenn félagsins, að frátöldum Þórði Magnússyni, studdu ákvörðun stjórnarinnar um að óska eftir afskráningu félagsins úr kauphöll NASDAQ OMX á Íslandi og leggja til að aðalfundur samþykki ákvörðunina.